

Lífsleikni 8. bekkur (2023-2024)

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í lífsleikni er unnið með vaxandi hugarfar og uppeldi til ábyrgðar. Farið verður yfir hugtök eins og mörk, fjármálavit, kynheilbrigði og að setja sér markmið. Skilningur á þeim hugtökum veitir nemendum grunn til að nýta sér slík verkfæri í daglegu lífi. Markmið vetrarins er að kenna nemendum listina að lifa í nútímasamfélagi.

Námsáætlun

Tímabil Viðfangsefni	Hæfniviðmið
21/8 – 25/8	Kynning á námsefni og hæfniviðmiðum
	- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga
28/8 – 8/9	Markmið og styrkleikar Nemendur vinna sjálfstætt að markmiðasetningu sem verður reglulega vísað í í gegnum skólaárið.
	- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
	- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nær samfélagi, umhverfi og menningu
11/9 – 15/9	Áhugamál Nemendur vinna í pörum að veggspjöldum sem kynna þeirra helstu áhugamál og kynna síðan fyrir bekknum.
	- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
	- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nær samfélagi, umhverfi og menningu
18/9 – 29/9	Hreyfing, næring, svefn og líðan Nemendur vinna sjálfstætt að svefnrannsókn þar sem þeir skrifa hjá sér hversu mikinn svefn þeir fá og hvaða áhrif svefninn hefur á líðan og orku
	- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði
	- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
9/10 – 20/10	Samskipti og vinir Nemendur vinna sjálfstætt að verkefni um hvernig vinir þau vilja vera og eiga
	- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
	- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nær samfélagi, umhverfi og menningu
23/10 – 3/11	Kynþroski Nemendur vinna í umræðuhópum með viðfangsefni tímana
6/11 – 17/11	Samskipti og náin sambönd Nemendur vinna í litlum hópum að veggspjöldum um víxlverkun tilfinninga
	- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
	- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta
27/11 – 15/12	Jólahefðir – Hópverkefni Nemendur vinna í hópum að kynningu um mismunandi hefðir fólks í kringum hátíðir
	- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
8/1 – 19/1	Samskipti og rómantik Upphaf á lotu um rómantik, kynheilbrigði og samskipti. Nemendur vinna í bekkjarfunda uppsetningu, leggja fram nafnlausarspurningar og ræða.
	- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
	- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta
5/2 – 8/2	Kynfræðsla
	- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Vika sex – Myndbönd

Nemendur vinna í litlum hópum að veggspjöldum þar sem svör við nafnlausumspuningum koma fram og eru kynnt fyrir bekknum.

Klípusögur

- 11/3 – Nemenur vinna með ýmsar klípusögur á bekkjarfundum og vinna með fjölbreytt málefni - rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund,

Hvaða tækni notum við?

- 1/4 – Nemdur útbúa myndbandsverkfni í hópum þar sem farið er yfir hverig þeirra daglega líf væri ef þau hefðu ekki aðgang að nútíma tækni - útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,

Fjármálafræðsla

- 6/5 – Nemndur vinna verkefni *hvað kostar að vera til?* Þar sem þau rannsaka hvað það kostar að lifa í nútíma samfélagi - tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði

Nemdur fá fræðslu um launaseðla og stéttarfélög (sumarstörf)

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð - stuðlar að jákvæðum skólabrag, - sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, - tekur þátt í samvinnuverkefnum, - nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og við samskiptum við aðra, Jafnrétti - temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum, - fer eftir reglum við samskipti sín við aðra, - tekur tillit til skoðana annarra, Lýðræði og mannréttindi - kemur fram við starfsfólk af tillitssemi og virðingu, - vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, - vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt, - temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra, Læsi - les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, - nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla, Sjálfbærni - tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varðar nærumhverfi hans, - þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila, Sköpun - virkjar hugmyndaflugid til að finna lausnir við vinnu verkefna, - nýtir hæfileika sína og skapar afurð.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn er gefin út frá verkefnum ofl. (sjá námsmat). Skila verður verkefnum úr öllum umfjöllunarefnum áfangans til að teljast hafa lokið áfanganum.

Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. Ef hann missir af hópaverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni í samráði við kennara.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi
Mæting	nemendur mæti á réttum tíma með kennslugögn í kennslustundir
Virgni í tímum	nemendur fari eftir fyrirmælum kennara og nýti kennslustundir vel
Heimavinna	nemendur skili verkefnum samkvæmt námsáætlun og upplýsingum í Mentor
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	ef nemendur þurfa á hjálpargögnum s.s. hljóðbókum er það unnið eftir þörfum hvers og eins
Stoðþjónusta nemenda	Stoðþjónusta fyrir nemendur er unnin í samráði við stoðþjónustu og stjórnendur. Markmiðið er að allir nemendur sem hafa getu til verði þátttakendur inn í bekk
Skyldur nemenda	nemendur beri ábyrgð á námi sínu og virði vinnu samnemenda og kennara
Skyldur kennara	að miðla þekkingu og leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda

